

Mál nr. 122/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).

Sakarskipting. Biðskylda.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 6. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V1 dags. 6. júlí 2024.
4. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 1. ágúst 2024.
5. Tölvupóstur V2 dags. 2. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, vegna tjónsatviks sem varð við vegamót Þúfubarðs og Suðurbrautar um kl. 5 að morgni hinn 30. september 2023, kemur fram að árekstur hafi orðið milli bifreiða A og B skömmu áður en ökumaður B var farinn af vettvangi þegar lögregla kom þangað. Ökumaður bifreiðar A, sem er í eigu M, lýsir atvikum þannig að hún hafi ekið í hægri beygju af Þúfubarði inn á Suðurbraut þegar bifreið B hafi komið af Suðurbraut inn á Þúfubarð í þrönga vinstri beygju. Ökumaður A kom á framfæri myndum af vettvangi við lögreglu. Sérstök framburðarskýrsla liggur fyrir af ökumanni bifreiðar B sem kveðst hafa ekið af Suðurbraut í vinstri beygju inn á Þúfubarð þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið frá biðskyldu þannig að árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa farið af vettvangi vegna þess að hún hafi verið óróleg og hálf hrædd og taldi sig mega fara af vettvangi þar sem hún hafi talið sig í fullum rétti og engin ákoma á bifreið B. Aðspurð út í ljósmynd af vettvangi kvaðst ökumaður bifreiðar B eiga erfitt með að tilgreina nákvæmlega hvar áreksturinn hafi verið á myndinni en hún hafi fært bifreið B lítillga, en mundi ekki hvernig.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstri við bifreið A þar sem ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga vinstri beygju, ekið inn á öfugan vegarhelming og hafi ökumaður bifreiðar A ekki átt þess nokkurn kost að forða tjóni vegna þess ranga og óeðlilega aksturslags ökumanns bifreiðar B. Einnig bendir M á að ákoma á bifreiða A hafi verið á vinstra horni en ekki því hægra.

V1 vísar til þess að miðað við akstursstefnu bifreiða A og B hefðu leiðir þeirra ekki átt að skerast ef ökumaður bifreiðar B hefði ekki tekið of þrönga vinstri beygju. V1 vísar til framburðar ökumanna, lögregluskýrslu og mynda af vettvangi og telur með þeim ljóst að meginorsök árekstursins hafi verið að ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga vinstri beygju. Til vara telur V1 að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs.

V2 telur rétt að skipta sök milli ökumanna þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar þar sem henni hafi borið að veita umferð um Suðurbraut forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður bifreiðar B beri síðan 1/3 hluta sakar þar sem vinstri beygja þess ökumanns hafi verið of þröng. Umrædd afstaða V2 er í samræmi við niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna í mál þeirrar nefndar nr. 529/23.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telur 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga ekki eiga við í málinu þar sem hægri beygja hefði átt að vera hindrunarlaus fyrir ökumann bifreiðar A. Einnig vísar M til þess að ökumaður bifreiðar B hafi farið af vettvangi og þess vegna eigi að taka framburð ökumanns bifreiðar A fram yfir framburð ökumanns bifreiðar B.

Í viðbótarathugasemdum V2 er tekið fram að félagið telji ekki tilefni til að svara viðbótarathugasemdum M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B við gatnamót Þúfubarðs og Suðurbrautar. Ljóst er af akstursstefnu að ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Suðurbraut forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 79/2019. Ljósmyndir af vettvangi, sem ökumaður bifreiðar A tók, sýna að bifreið B var stöðvuð eftir árekstur í vinstri beygju sem er nokkuð þröng. Verður að ætla að skýrari mynd hefði náðst af aðdraganda árekstursins ef lögregla hefði komið að bifreiðunum óhreyfðum og verður ökumaður bifreiðar B að bera einhvern halla af því að hafa yfirgefið vettvang án þess að samkomulag náðist milli ökumanna um að skila inn tjónsskýrslu, eða eftir atvikum kalla til lögreglu. Verða myndir sem ökumaður bifreiðar A því lagðar til grundvallar við mat á aðstæðum. Af þeim myndum verður þó ekki ráðið hver nákvæm staðsetning bifreiðar A var við áreksturinn. Báðum ökumönnum bar skv. 4. gr. umferðarlaga að sýna tillitssemi og varúð þannig að ekki sé fyrir hendi hætta á tjóni eða óþægindum. Verður af gögnum málsins ekki ráðið hvort annar ökumaður hafi gætt þess betur en hinn. Ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Suðurbraut forgang, eins og áður segir, en ökumanni bifreiðar B bar einnig að sýna tillitsemi við akstur í vinstri beygju af Suðurbraut. Með hliðsjón af því og atvikum öllum verður sök skipt til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökutækja A og B.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir